

BREYTING Á SVÆÐISSKIPULAGI SUÐURNESJA 2008-2024

A | Breyting á afmörkun vatnsverndarsvæðis í Reykjanesbæ

B | Nýtt flugbrautarkerfi Keflavíkurflugvallar

Viðbrögð svæðisskipulagsnefndar við umsögnum og athugasemdum

5. desember 2019

Umsagnir og athugasemdir

Breytingartillaga á svæðisskipulagi var auglýst 29.7.2019. Athugasemdafrestur var til 16. september. Síðustu athugasemdir bárust í lok september. Alls sendu 11 aðilar inn erindi, þar af voru 7 sem ekki þurfti að bregðast við. Aðilar sem sendu inn erindi eru:

1	Landhelgisgæslan
2	Grindavíkurbær
3	Sveitarfélagið Vogar
4	Reykjanesbær
5	Suðurnesjabær
6	Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
7	Garðabær
8	Samgöngustofa*
9	Skipulagsstofnun*
10	Umhverfisstofnun*
11	HS Veitur*

* Erindi sem þarf að bregðast við.

Samgöngustofa, dags. 16.9.2019

Það er mat Samgöngustofu að gallar séu á fyrirhuguð skipulagi hvað varðar samvinnu og samrekstur flugvallarins sem þjónar bæði almenningsflugi (civil) og ríkisflugi (military, state).

Nýverið gerði Samgöngustofa athugasemdir við Deiliskipulag Öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar sama efnis (sjá hjálagt). Dæmi um misræmi eða atriði sem Samgöngustofa hefur auðkennt og skoða þarf frekar eru:

1. Skipulag „Öryggissvæðis“ gerir ráð fyrir stækkun „Hot Cargo“ hlaðs sem væri þá innan flugbrautaröryggissvæðis áformaðrar NV-SA flugbrautar.
2. Áformaður þyrluvöllur er í aðflugsflötum sömu flugbrautar og mun því takmarka aðflugsmöguleika.

Vert er að taka fram að Samgöngustofa hefur ekki heimild til að leyfa framkvæmdir sem rýra öryggi flugvallarins samkvæmt EASA reglum. Almenn vill Samgöngustofa koma eftirfarandi á framfæri varðandi fyrirhugað deiliskipulag og framkvæmdir:

- Þess sé gætt að vegna nálægðar við Keflavíkurflugvöll verði aðilar að vera í nánú sambandi við Isavia um hæðir mannvirkja, þegar kemur að nánara skipulagi og útfærslu.
- Mikilvægt er að farið sé að kröfum laga um loftferðir og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim, m.a. vegna hugsanlegra hindrana á öryggissvæðum flugbrauta eða akbrauta og í aðflugsleiðum o.fl.
- Mikilvægt að tekið verði tillit til reglugerðar nr. 75/2016 um kröfur og stjórnáslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, við fyrirhugað skipulag, en sú reglugerð innleiðir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014.
- Með vísan til alþjóðaskuldbindinga um starfsemi og öryggi flugs, þ.m.t. um flugvelli, sé þess gætt að uppfylltar séu viðeigandi flugverndarkröfur við hönnun og á framkvæmdatíma þegar uppbygging fer fram á og við flugvöll, í samræmi við breytt deiliskipulag og líka til framtíðar með hliðsjón af starfsemi. Komi til endurskoðunar á svæðamörkum þess svæðis sem skilgreint er sem haftasvæði flugverndar, er mikilvægt að slík endurskoðun verði í samræmi við þá starfsemi sem fyrirhuguð er á svæðinu.
- Einnig vill Samgöngustofa vekja athygli á 68. gr. laga nr. 60 um loftferðir frá árinu 1998 en þar segir m.a.: „Samgöngustofu er heimilt að krefjast þess að tálmar utan svæðis sem skipulag tekur yfir, er vegna hæðar mega teljast hættulegir flugumferð, séu fjarlægðir eða merktir.“

Viðbrögð

Svæðisskipulagsnefnd tekur undir mikilvægi að tryggja að Keflavíkurflugvöllur uppfylli viðeigandi flugverndarkröfur. Því fjallar Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 um þær kröfur sem eru gerðar eru til flugvalla. Í Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar er vísað í þær reglur sem gilda um flugvelli, kröfur og leyfi. Þá fylgir svæðisskipulagsbreytingunni drög að skipulagsreglum fyrir Keflavíkurflugvöll, sem taka m.a. til hindrunarflata flugbrauta og þeirra takmarkana sem þar gilda.

Umrædd breytingar á svæðisskipulagi fjalla ekki um einstaka framkvæmdir innan flugvallarsvæðis s.s. Hot Cargo eða þyrlupall. Því getur svæðisskipulagsnefnd ekki brugðist sérstaklega við umsögn Samgöngustofu, annað en að vísa í ofangreind gögn og skilmála sem þar koma fram.

Skipulagsstofnun, dags. 24.9.2019

Stofnunin gerir ekki athugasemd við auglýsta tillögu en bendir á að taka fram í efnisyfirliti og í yfirskrift viðauka 1 hvaða gögn séu í viðaukanum, þ.e. drög samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að skipulagsreglum fyrir Keflavíkurflugvöll sem samanstanda af greinargerð og fjórum uppráttum sem sýna hindranasvæði og takmörkun á notkun sýnilegra leysigeisla.

Viðbrögð

Svæðisskipulagsnefnd hefur uppfært skipulagsgögn í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar.

Umhverfisstofnun, dags. 20.9.2019

Grunnvatn

Umhverfisstofnun bendir á að grunnvatnshlotið Rosmhvalanes nr. 104-115-2-G sem Keflavíkurflugvöllur nær til er metið í hættu skv. reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Stofnunin minnir á að skv. reglugerð 535/2011 skulu grunnvatnshlot uppfylla kröfur um gott efnafræðilegt ástand. Ef vatnshlot nær ekki umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar þarf að fara í aðgerðir til að gott ástand náist.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um áhrif breytingartillögunar á grunnvatnsholtið sem tillagan nær til og sett skilyrði um vöktun í starfsleyfum sem gefin eru út af viðkomandi stjórnvöldum fyrir þau fyrirtækja sem áhrif geta haft á grunnvatnshlotið.

Í umhverfisskýrslu er fjallað um áhrif tillögunnar á grunnvatn og Umhverfisstofnun bendir á að reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns er nr. 797/1999.

Viðbrögð

Svæðisskipulagsnefnd hefur bætt við umfjöllun í greinargerð um áhrif skipulagsbreytingar á grunnvatnshlot. Breyting á vatnsverndarsvæðum er innan vatnshlota Rosmhvalnes 1 nr. 104-115-1-G og Reykjanes nr. 104-115-1-G. Hvorugt þeirra er metið í hættu. Vatnshlot Rosmhvalnes 2 nr. 104-115-2-G er metið í hættu en breytingartillaga um niðurfellingu vatnsverndarsvæðis nær ekki inn á það. Breytingartillaga B um breytt flugbrautakerfi er ekki talin hafa áhrif á þennan umhverfisþátt.

Hljóðvist

Umsögn Umhverfisstofnunar um hljóðvist krefst ekki viðbragða, þar sem tekið er undir umfjöllun og niðurstöðu umhverfismats.

HS Veitur, dags. 6.9.2019

HS Veitur líta svo á að stefna sveitarfélagsins Garðs (nú Suðurnesjabæjar) sé að nýta vatnsbólið nærri Árnarétt áfram og það geti verið í rekstri allt ársins 2030 í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins.

HS Veitur telja mikilvægt að geta nýtt vatnsbólið nærri Árnarétt til næstu ára og lengur en til 2030. Annars vegar eru gæði neysluvatns í vatnsbólunni í samræmi við reglugerðir og ákveðið öryggi felst í því að eiga aðgengi að öðru vatnsbóli en Lágum. Því er óskað eftir því að á stefnumörkun um vatnsvernd í svæðisskipulaginu taki tillit til og afmarki vatnsverndarsvæði nærri Árnarétt og að heimilt verði að nýta það lengur en til 2030, enda verði hægt að tryggja þar vatnsgæði.

Þá er rétt að taka fram að HS Veitur hafa aflagt dælustöðina við Skálareyki í samræmi við stefnu svæðisskipulags Suðurnesja og aðalskipulag Garðs og í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Viðbrögð

Svæðisskipulagsnefnd tekur undir þá stefnu að nýta vatnsbólið við Árnarétt til næstu ára. Nefndin hefur því ákveðið að skerpa á þeirri heimild í greinargerð, þar sem heimilt er að nýta Árnarétt til loka skipulagstímabils svæðisskipulagsins, sem er til 2024. Afstaða nefndarinnar til áframhaldandi nýtingar, þ.e. eftir 2024, er vísað í endurskoðun á svæðisskipulagi Suðurnesja sem mun hefjast innan skamms.